

látið athuga, hvort lestarrúm skips þess, er flytja á farminn, séu í því ástandi, að 124 gæði og útlit fisksins eða umbúðir hans geti spillt í farmrúmi skipsins á leiðinni. 16. júní

10. gr.

Við lestun á fiski til útflutnings skulu ætíð starfa matsmenn, einn eða fleiri, kvaddir til þess í hvert sinn af yfirfiskmatsmanni. Fiskmatsmenn þessir skulu sjá um, að gæði og útlit vörunnar spillist ekki í meðförum við útskipun, og að ekki sé skipað út nema í þurru veðri. Þegar lestun er lokið, skila matsmenn þessir skýrslu til yfirfiskmatsmanns um tegundir, flokka og magn þess fisks, er skipað hefur verið út.

11. gr.

Fiskmat ríkisins setur matsmönnum nánari reglur og leiðbeiningar um flokkun fisksins til útflutnings svo oft sem þurfa þykir, og veitir leiðbeiningar um verkun og framleiðslu vörunnar.

12. gr.

Fiskmatsstjóri setur reglur um útbúnað og áhöld fiskvinnslustöðva og gefur út fyrirmæli um verkun og mat á fiski, þegar ástæða er til og ráðuneytið samþykkir.

13. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi VII. kafli reglugerðar nr. 81 13. marz 1950, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. júní 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um staðfestingu á reglugerð nr. 102 11. júní 1951, um breyting á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar.

125

15. júní

Reglugerð nr. 102 11. júní 1951, um breyting á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar, nr. 209 18. nóvember 1947, staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að gilda áfram til 1. júní 1954, og birtist þetta til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1953.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.